

Upptalning í þál.till.:	Upptalning í Verkefnaáætlun 2014	Forgangsröð í Verkefnaáætlun 2014	Hvað ætlum við að gera?	Hvernig?
Framtíðarsýn fyrir Ísland. Hugsjónin.				
Heimildarvernd.	1. <u>Vernd heimildarmanna</u> ; þ.e. hvort rétt sé að styrkja vernd heimildar mannafrekar en nú er í gildandi rétti.	6) Vernd heimildarmanna	Eftir að þál. var samþykkt var 25. gr. fjölmiðlalaga sett. Geyma að skoða þetta frekar þar til atriði herra á forgangslista eru tæmd.	
Vernd afhjúpenda.	2. <u>Vernd afhjúpenda</u> ; þ.e. hvort rétt sé að styrkja vernd afhjúpenda (uppljóstrara), frekar en nú er í gildandi rétti og hvort til greina komi að breyta ákvæðum um þagnarskyldu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sbr. lög nr. 45/1998 og 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1040.	1) Frumvarp forsætisráðherra um breytingu á stjórnsýslumögum (þagnarskylda opinberra starfsmanna).	Frv. PH um þagnarskyldu	Frv. PH var 2013-2014 á þingmálaskrá en ekki á þingmálaskrá 2014-2015. Forsætisrh. lýsti yfir á þingfundum í fyrstu viku í maí að málið færi á málalista fyrir haustþingið. • Ákveðið að stýrihópurinn sendi bréf til að ýta mjúklega á eftir því.
		3) Vernd afhjúpenda	Fyrir Alþingi liggur þegar frv. um br. á höfundalögum, 2. og 3. gr., til að tryggja að höfundalög verði ekki notuð til að stöðva uppljóstranir: Thomas Höring sendi inn umsögn um frv. Róberts Marshall (Aðalheiður mun fna og senda dóm („Lúpínudóminn“?)). PP ætlar að skoða CoE og OECD. Elfa ætlar að skoða ÖSE, fjölmiðladeild.	Á 3. fundi hyggjumst við taka ákvörðun um (1) hvort og þá hvað til viðbótar PH-frumvarpinu og (2) fyrirbyggjandi frv. í þinginu (Róberts Marshall) þurfi að gera varðandi vernd afhjúpenda.
Samskiptavernd og vernd milliliða.	3. <u>Samskiptavernd og vernd milliliða</u> ; þ.e. hvort rétt sé að styrkja vernd samskipta, með því að takmarka eða afnema rétt til vistunar samskipta þeirra hjá þriðja aðila, svo sem fjarskiptafyrirtækjum. Hvort endurskoða skuli fjarskiptalög, nr. 81/2003, þá sérstaklega 3. mgr. 42. gr. laganna sem kveður á um varðveislu fjarskiptagagna í sex mánuði í þágu rannsóknar sakamála eða almannaöryggis.	7) Samskiptavernd (vernd milliliða)	Frv. um afnám 3. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga.	Aðalheiður: Skoða þjóðréttarlegar skuldbindingar og senda út stutt yfirlit á stýrihópinn. Semja frv.
			Frv. um afnám 2. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 30/2002.	Aðalheiður: Skoða þjóðréttarlegar skuldbindingar og senda út stutt yfirlit á stýrihópinn. Semja frv.
Lögbann á útgáfu fyrirbyggt.	4. Hvort rétt sé að afnema eða takmarka heimildir til <u>lögbanns vegna væntanlegrar birtingar efnis í fjölmiðlum</u> . Jafnframt hvort styrkja megi rétt þeirra sem slík birting beinist að með öðrum hætti.	4) Vernd gegn lögbanni á birtingu efnis	Geyma þar til atriði herra á forgangslista eru tæmd.	
Réttarfarsvernd.	5. <u>Málskostnaður í málum sem varða tjáningarfrelsi og jafnframt hvort rétt sé að setja reglur um opinbera réttaraðstoð vegna málskostnaðar, sem hlýst af höfðun dómsmála sem varða tjáningarfrelsi eða hvort rétt sé að breyta réttarfarsreglum um þetta efni sérstaklega.</u>	5) Réttarfarsvernd	Nemandi PP er nú að skrifa um réttarfarslegar hindranir á tjáningarfrelsi. Geyma þar til atriði herra á forgangslista eru tæmd.	

Upptalning í þál.till.:	Upptalning í Verkefnaáætlun 2014	Forgangsröð í Verkefnaáætlun 2014	Hvað ætlum við að gera?	Hvernig?
Vernd gagnagrunna og -safna.	7. Vernd gagnagrunna og safna, og hvort rétt sé að skilgreina hugtakið „útgáfudag“ nánar þegar um er að ræða efni, sem gert er almenningi aðgengilegt í rafrænu gagnasafni, vegna tímafresta til höfðunar meiðyrðamála. Jafnframt hvort rétt sé að setja hámark fyrir greiðslu skaðabóta í slíkum málum.		Geyma þar til atriði hærra á forgangslista eru tæmd.	
Vernd gegn meiðyrðamálaflakki.	6. Takmörkun á fullnustu erlendra dómsúrlausna í meiðyrðamálum og hvort rétt sé að breyta réttarfarreglum hér á landi í því skyni að takmarka fullnustu slíkra dómsúrlausna hér á landi. Hér þarf að líta til skuldbindinga Íslands vegna EES samningsins og Lúganó samningsins.	10) Meiðyrðamálaflakki	Elfa sendir minnisblöð um meiðyrðamálaflakki, þar sem fram kemur að íslenskt réttarástand sé það frábrugðið erlendum meiðyrðarétti í HHG-máli að ekki hafi þurft að fullnusta hér.	
Upplýsingafrelsi.	8. Upplýsingaréttur og hvort rétt sé að mæla fyrir um <u>frekari rétt almenningis til aðgengis að upplýsingum og skjólum</u> , sem stafa frá opinberum aðilum.	8) Upplýsingaréttur	Eftir að þál. var samþykkt voru ný upplýsingalög samþykkt. Skýrsla um framkvæmd upplýsingalaga er í smíðum í ráðuneytinu og verður lögð fram í haust. Bíða eftir henni (nýlegur sáttmáli Evrópuráðsins um útvíkkun). Síðan í kjölfar skýrslunnar er hugmyndin að setja upplýsingastefnu til 5 ára.	
Rafrænt aðsetur á Íslandi.	9. Rafræn staðfesta; þ.e. hvort rétt sé að tekin verði upp rafræn staðfesta félaga hér á landi fyrir fjölmiðla og samtök, sem að öðru leyti hafa starfsemi sína annars staðar. Jafnframt hvort þurfi að huga að reglum um lögsögu yfir fjölmiðlaþjónustuveitendum, sem miðli myndefni frá jarðstöð eða gervitungli undir íslenski lögsögu.	9) Rafræn staðfesta	Geyma þar til atriði hærra á forgangslista eru tæmd. Elfa Ýr mun þegar tími gefst til taka saman minnisblað fyrir stýrihópinn um hvernig þessar hugmyndir samrýmast fjölmiðlatsk. ESB.	
	10. Annað það sem talið er styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi hér á landi.	11) Annað það sem talið er styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi hér á landi. 2) Afnáam refsingar vegna ærumeiðinga.	Skoða hvort getum lagt til gagnlegar breytingar á 233. gr. a. í samhengi við fjölmiðlalög. Róbert Spanó samdi svar refsiréttarnefndar til stýrihópsins. Síðan vann hópurinn drög að stöðuskjali um málið: Rifja upp fyrir 3. fund og taka þá ákvörðun um framhaldið.	Elfa Ýr og PP munu taka saman og senda drög eða útlínur að breytingu.
Íslensku tjáningarfrelsisverðlaunin.			Aðalheiður: Nú er til meðferðar þingmannafv. um afnáam guðlasts.	